


Vinagarður leikskóli KFUM og KFUK

Áætlun fyrir starfsárið 2025-2026

Hvað hefur þú lært í leikskólanum? Stafina - Perla - Lita - Lesa - Læra að vera vinir með hringjunum þar stendur að stjórna sér, hjálpa, fyrirgefðu, vera vinur og knúsa og stopp – Púsla - Læra að vera vinur - Ég hef lært Á og A og B - Vera góð við hvort annað - Leika saman - Hjálpast að - Skiptast á - Segja fyrirgefðu - Ganga frá - Hjálpa - Lært stafina - Stjórna sér - Lært að gera ís á blað, teiknaði fyrst form og svo kúlu og svo litaði ég það - Um vatnið. Vatnið er líka í snjó. Sæhestar eru líka í sjónum.

Gildi og leiðarljós leikskólans Vinagarðs



Leikskólinn Vinagarður starfar samkvæmt aðalnámskrá leikskóla ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemi leikskóla.

Vinagarður nýtur framlags frá Reykjavíkurborg og tekur mið af menntastefnu Reykjavíkurborgar.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Greinargerð leikskólastjóra	3
Innra og ytra mat leikskólans á starfsárinu 2024-2025.....	5
Umbótaáætlun Vinagarðs 2025-2026.....	7
Innra mat Ungagarðs – deild fyrir börn 2-3 ára	9
Innra mat Grísagarðs – deild fyrir börn 3-4 ára	10
Innra mat Kópagarðs – deild fyrir börn 3-4 ára	11
Innra mat Uglugarðs – deild fyrir börn 4-5 ára	12
Innra mat sérkennslu	13
Innra mat – fjöltyngd börn.....	14
Umbótaáætlun sérkennslu og fjöltyngdra barna 2025-2026	14
Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	15
Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	15
Foreldrasamvinna	16
Skipulagsdagar og leikskóladagatal 2025-2026	17
Fylgiskjal 1 Umsögn stjórnar um starfsáætlun Vinagarðs 2025-2026.....	18

Starfsárið 2024-2025 var viðburðarríkt og skemmtilegt í leikskólanum Vinagarði. Lögð er rík áhersla á að í leikskólanum sé notalegt andrúmsloft og að þar ríki gleði og væntumþykja. Kærleiksrik og uppbyggileg samskipti, hjálpsemi og virðing fyrir styrkleikum allra er þar lykilatriði.

Frá hausti 2022 hefur staðið yfir heildstæð endurskoðun skólanámskrár skólans sem er nauðsynlegt til að styrkja faglega sýn og sérstöðu skólastarfsins. Nýja skólanámskráin var innleidd í starfið nú í vetur ásamt tengdum áætlunum eins og læsisáætlun og mati á námi og velferð barna.

Öflugt innra matsteymi skólans hélt utan um innra matið sem við teljum mikilvægan lið í því að tryggja að mat á markmiðum og áherslum skólans sé markvisst og umbætur í skólastarfi byggi á niðurstöðum þess. Matsteymið skipa fulltrúar allra deilda. Börnin eru líka mikilvægur aðili að mati á leikskólastarfinu og voru haldnar þrjár matsvikur yfir árið þar sem fjallað var um líðan, námsferlið, aðbúnað, vináttu og leikinn í alls 24 rýnihópum. Starfsfólk tók reglulega þátt í innra matinu svo sem með því að ræða um og fylla út matslista um ákveðin viðfangsefni, starfsmannakönnun var send út og heill laugardagur fór í umræður um styrkleika og tækifæri í námssviðum leikskólans, mannauðsmálum, fullgildi og samskiptum. Foreldrakönnun skóla- og frístundasviðs var send út á vorönn og því minna um að foreldrar tækju þátt í innra matinu að þessu sinni. Niðurstöður komu í lok maí. Umbótaáætlun skólans fyrir komandi starfsár byggir því á traustum gögnum um starfið og markviss umbótaverkefni verða í gangi. Umbótaáætlun skólans er skipulögð þannig að hver kafli skólanámskrárinnar á sér umbótaverkefni. Þetta tryggir innleiðingu námskrárinnar og að hún verði virkt leiðarljós í starfi leikskólans. Matskerfið byggir einnig á skólanámskránni.

Vinagarður hlaut styrk til þátttöku í tveimur Nordplus verkefnum á árinu 2024. Annað verkefnið snýst um stuðning í leikskólastarfinu og eru samstarfsaðilar leikskólar frá Eistlandi og Litháen. Hitt verkefnið snýst um uppgötvunarnám og eru samstarfsaðilar leikskólar frá Noregi og Litháen. Leikskólarnir skiptast á fyrirmyndarverkefnum sem prófuð eru á víxl í þátttökuskólunum og tillögur að breytingum og aðlögunum skráðar. Einnig er leikskólastarf skoðað í þátttökulöndunum og nýjum hugmyndum miðlað. Það er mikilvægt fyrir kennara að taka þátt í þróunarverkefnum af þessu tagi til þess að halda við fagþekkingu og fá samanburð og speglun á eigið starf. Verkefnunum lýkur á Íslandi haustið 2025.

Starfsmannafélagið Eden var sem fyrr mjög virkt og bauð starfsfólki upp á fjölbreytta dagskrá í hverjum mánuði allt starfsárið.

Á hverju starfsári er unnið með þema sem hefur áhrif á allt starf leikskólans hvort sem það er hópastarf, hreyfing, málörvun, myndsköpun eða tónlist. Þema starfsársins var vatnið og var unnið með það á fjölbreyttan hátt allt frá frjálsri listsköpun yfir í rannsóknir og allt þar á milli.

Þar sem Vinagarður byggir á kristilegum grunni er kristileg fræðsla fléttuð inn í skólastarfið, börnin læra bænir og kristlega söngva, þau hlusta á og vinna með sögur úr Biblíunni til dæmis með endursögnum, leikgerðum og fjölbreyttri myndlist. Fyrir jólin skrifa elstu börnin eigið handrit að jólahelgileik sem þau setja upp og flytja fyrir önnur börn í leikskólanum, foreldra sína og svo alla aðstandendur á jólaballi foreldrafélagsins. Þetta er mikið verkefni sem felur í sér fjölbreytta færni.



Formleg menntun einstaklinga hefst í leikskóla, fyrsta stigi skólakerfisins. Þar á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi, börnum skal veitt umhyggja, hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðlað að öryggi þeirra og vellíðan. Gildi og sýn Vinagarðs, leikskóla KFUM og KFUK, um trú, von og kærleika eru góður grunnur fyrir leikskólastarf sem uppfyllir þær kröfur sem leikskólastigið gerir á framúrskarandi hátt. Við þökkum starfsfólki Vinagarðs fyrir að sinna þessu mikilvæga starfi af fagmennsku og áhuga og fyrir að skapa börnunum hlýlegt og kærleiksríkt umhverfi. Við horfum björtum augum fram á veginn og hlökkum til að þróa áfram leikskólastarfið í Vinagarði.

Hulda Björg Jónasdóttir og Hildur B. Svavarsdóttir leikskólastjórar

INNRA OG YTRA MAT LEIKSKÓLANS Á STARFSÁRINU 2024-2025

Greinargerð um innra mat

Hvað var metið?	Hvernig ?	Hverjir?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Stefna, gildi og hugmyndafræði	Rýnihópar barna, deildarfundir og könnun til starfsfólks	Börn, starfsfólk	Styrkleikar: Börnin tala mikið um vináttuna og telja sig eiga marga vini innan og utan skólans. Þau geta skilgreint hvað er góður vinur og þekkja tilfinningar sem tengjast vináttunni og kærleikanum. Starfsfólk hefur góða þekkingu á gildum skólans og hvernig áherslur í starfinu taka mið af uppeldislegum kenningum. Tækifæri: Auka umræðu í barnahópnum um hvað önnur gildi skólans merkja. Starfsfólk greini/meti starf sitt út frá kenningaramma skólans.
Starfsaðferðir Vinátta og tengsl, sjónarhorn barna, sjálfsprottinn leikur, stuðningur við þroska, vellíðan og öryggi, innra mat og skólaþróun	Rýnihópar barna, umræðuhópar starfsfólks og deildarfundir	Börn, starfsfólk	Styrkleikar: Leikurinn er sterkur í huga barnanna og þau geta nefnt fjölbreyttan leik úti og inni sem þau hafa reynslu af. Starfsfólk telur leikinn fá gott rými í dagskipulagi. Börnin þekkja flest styrkleika sína og tengja þá oft við sjálfstæði og hjálpsemi. Starfsfólk hlustar á sjónarhorn barnanna og val um viðfangsefni er mjög mikið. Börnin þekkja einfaldan námsferil og nefna kennara sem stuðningsaðila í að læra eitthvað nýtt. Starfsfólk nefnir góða samvinnu, umhyggju og kærleik einkenna deildina sína. Innra mat er til fyrirmyndar. Tækifæri: Gera hvatningu til barnanna markvissa til þess að styðja við náms- og félagsfærni og tilfinningalæsi. Halda áfram með fræðslu um geðtengsl. Stofna sérkennsluteymi innan skólans til að tryggja samræmi yfir skólaferil barnsins. Virkja fleira starfsfólk í rýnihópa barna til að tryggja framkvæmd þeirra. Koma á róteringu í matsteymi skólans og festa fundartíma. Auka þátttöku alls starfsfólks í innra mati og aðgengi að matsgögnum.
Grunnþættir menntunar Læsi og samskipti, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi, heilbrigði og vellíðan, lýðræði, jafnrétti og mannréttindi	Rýnihópar barna, umræðuhópar starfsfólks og deildarfundir	Börn, starfsfólk	Styrkleikar: Börnunum líður vel í leikskólanum og eru áhugasöm um að læra meira og geta nefnt hugmyndir að því sem þau vilja læra í leikskólanum. Starfsfólk telur vinnubrögð lýðræðisleg og börn fá tækifæri til að koma hugmyndum á framfæri og tjá sig um sín áhugasvið. Hreyfing og útivera eru stór þáttur í leikskólastarfinu og fer fram á fjölbreyttan hátt. Læsisáætlun er til staðar og innra mat á stöðu læsis á deildum kom vel út, sérstaklega hvað snertir málörvun. Tækifæri: Safna hugmyndum barna á eldri deildum að hausti um viðfangsefni. Börn hafi meira val um útfærslu á eigin verkefnum. Auka þarf sjálfshjálp í matartímum barna. Skoða þarf jafnréttisáætlun og halda áfram með verkefni sem tengjast henni. Auka vísindamenntun og tengja við sjálfbærni og umhverfismál. Tengja nám og námsumhverfi við Barnasáttmálann. Áhersla á að börn sem tala ekki íslensku fái stuðning við þátttöku í daglegu starfi og mynda vinatengsl.

Mannauður Rekstur skólans, teymisvinna, traust, lærdómssamfélagið, faglegt samstarf	Umræðuhópar starfsfólks, deildarfundir, starfsmannakönnun starfsmannasamtöl við stjórnendur, rýnihópar barna	Börn, starfsfólk	Styrkleikar: Skólinn stendur vel að áætlanagerð og skilum á gögnum vegna rekstursins. Stjórnendateymi er sterkt og ákvarðanatataka byggir á umræðu og gögnum. Börnin telja sig læra mikið í leikskólanum og bæði kennarar og börn aðstoði þau í náminu. Starfsmannahópurinn er sterkur, fagmenntun og reynsla mikil. Hugmyndaauði og möguleikar á að takast á við aukin verkefni. Starfsandi einkennist af jákvæðni og kærleika. Starfsfólk telur skólanum vel stjórnað. Tækifæri: Ljúka þarf við öryggisáætlun skólans og vinna umbætur útfrá henni, s.s. hljóðvist á deildum og rýna betur næringu yfir leikskóladaginn. Stofna teymi um sameiginleg mál deilda svo sem sérkennslu. Tími í lærdómssamfélag má vera ríkari. Hafa umræður um gildi og stefnu skólans sem fastan lið á skipulagsdögum eða fagfundum. Skoða hvernig hægt er að vinna meira með markmið í starfinu.
Samstarfsaðilar leikskólans Fjölskylda, grenndarsamfélag	Umræða starfsfólks, deildarstjórar	Starfsfólk	Styrkleikar: Starfsfólk telur samskipti við foreldra vera jákvæð og styðja við vellíðan barnsins. Samstarf við grunnskóla er gott. Sjá nánar um styrkleika í töflu um ytra mat og foreldrakönnun. Tækifæri: Auka fræðslu til foreldra um lestur og málumhverfi barna. Gera heimamenningu að föstum lið á öllum deildum. Styðja við foreldra af erlendum uppruna með upplýsingar um starfið og hvernig þau geta tengst öðrum foreldrum í tómstundastarfi. Koma á auknu samstarfi við Langholtsskóla s.s. upplestur og leiksýningar.

Greinargerð um ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Ytra mat frá sfs	Skil á gögnum, sp.listi.	Stjórnendur	Gögn skólans, umhverfi og aðbúnaður metin í góðu lagi. Tvær ábendingar voru lagaðar strax.
Ánægja foreldra	Könnun frá SFS	Foreldrar	Styrkleikar: Foreldrakönnun sýnir að foreldrar barna í skólanum eru í næstum öllum matsþáttum mun ánægðari en foreldrar í öðrum leikskólum í borginni. Foreldrar eru mjög ánægðir með viðmót starfsfólks við börnin, þeim líði vel og góð áhersla sé á félagsfærni. Foreldrar telja mjög vel stutt við sitt barn í leikskólanum og að viðfangsefni barnanna séu mjög áhugaverð. Tækifæri: Ná betur til foreldra með aðferðir sem skólinn nýtir til að meta þroska og framfarir barnsins. Taka með markvissari hætti á móti ábendingum foreldra um skólastarfið og kynna fyrir þeim leiðir til að fá ráðgjöf um uppeldi og annað sem snertir barnið.

UMBÓTAÁÆTLUN VINAGARÐS 2025-2026

Byggir á greinargerðum um innra og ytra mat auk uppgjöri umbótaáætlunar 2024-2025.

Umbótaþáttur	Umbótataækifæri	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímabil	Mat	Viðmið um árangur
Stefna, gildi og hugmyndafræði						
Gildi skólans	Auka skilning barna á gildum skólans	Þemamánuðir fyrir hvert gildi	Skipaður starfshópur	Sept.-maí	Rýnihópar barna, verkefni barna	Börn geti rætt um gildi og verkefni sýnileg
Kenningarammi skólans	Dýpka skilning á hugmyndafræði námsumhverfisins	Starfsfólk fái fræðslu og greini starf sitt út frá hugmyndafræði	Leikskóla-stjórar	Sept.-maí	Skráningar starfsfólks	Allt starfsfólk hafi gert skráningu/greiningu á eigin starfi
Starfsaðferðir						
Vinátta og tengsl	Innleiða Blæ vináttu-verkefni fyrir yngri börn	Starfsfólk fari á námskeið Barnaheilla	Deildar-stjórar yngri	Sept.-des.	Matslistar fyrir starfsfólk, foreldra-könnun	Starfsfólk sjái árangur af og foreldrar þekki verkefnið
Sjónarhorn barna	Viðfangsefni taki mið af áhugamálum barna	Safna hugmyndum barna um viðfangsefni	Deildar-stjórar eldri	Sept.-okt.	Listi yfir viðfangsefni barna liggi fyrir	Viðfangsefnin hafi verið tekin inn í skipulag deilda
Sjálfsprottinn leikur, sjálfs-mynd, sjálfstæði	Auka sjálfshjálp í mat á öllum deildum	Starfshópur útfæri hugmyndir og innleiði	Skipaður starfshópur	Sept.-maí	Breytt skipulag sýnilegt, rýnihópur starfsfólks og barna	Breytt skipulag sé viðvarandi og ánægja barna og starfsfólks
Stuðningur við þroska	Skilvirkari stuðningur við börn	Stofna sérkennsluteymi	Sérkennslu-stjóri	Sept.-maí	Mat deildarstjóra, fundargerðir teymis	Innra mat sérkennslu skori hærra en 2024
Virkt innra mat og skólaþróun/umbætur	Auka aðgengi að gögnum kynna niðurstöður betur	Opna tölvuaðgang, kynna greinargerðir um innra mat	Leikskóla-stjórar	Sept.-nóv.	Rýnihópur starfsfólks	Starfsfólk geti nefnt dæmi um verkefni innra mats, gögn opin öllu starfsfólki
	Skipta út í matsteymi og fjölga þeim sem taka rýnihópa barna	Halda námskeið um innra mat og rýnihópa	Leikskóla-stjórar	Sept.-nóv.	Fundargerðir matsteymis	Nýtt starfsfólk virkt í matsteymi og rýnihópum
Velliðan og öryggi	Skoða vinatengsl barna af erlendum uppruna	Skrá leik og samskipti	Sérkennslu-stjóri	Jan.-maí	Skráningar starfsfólks	Niðurstöður hafi verið ræddar í sérkennsluteymi

Grunnþættir menntunar						
Læsi og samskipti	Gera læsisteymi virkt í samræmi við læsisst.	Teymið geri áherslur fyrir starfsárið	Læsisteymi	September	Matslisti starfsfólks um framkvæmd	Áherslur gefnar út, meirihluti starfsfólks þekki þær
Sköpun og menning	Sjónarhorn barna í menningu leikskólans	Stofna viðburðateymi barna	Stjórnendateymi	September	Fundargerðir viðburðateymis	Breytingar frá börnum sjáanlegar í dagskrá
	Aukin áhersla á ferlið í skapandi verkefnum	Fræðsla til starfsfólks	Leikskólastjórar	Febrúar	Tveir rýnihópar starfsfólks	Seinni hópur merki breytingar á ferli
Sjálfbærni og vísindi	Auka vísindalega hugsun	Vettvangsferðabakpokar fyrir hverja deild	Stjórnendateymi	Ágúst	Matslisti starfsfólks, verkefni barna	Ánægja með bakpoka, sýnileg notkun
Heilbrigði og vellíðan	Skipuleggja ævintýrasvæði á lóð	Hópur um útileik-svæðið endurvakinn	Stjórnendateymi	Janúar-apríl	Fundargerðir útileiksvæðahóps	Teikningar liggi fyrir um útileiksvæðið
	Auka hollustu í mat	Rýna matarframboð	Leikskólast.	Október	Matsskýrsla hóps	Breytingartillögur útgefnar
Lýðræði, mannréttindi, jafnrétti	Tengja Barnasáttmálann við starfið	Skoða greinar sáttmálans og gera áætlun um tengingar	Skipaður starfshópur	September-júní	Fundargerðir starfshóps	Áætlun um tengingar gefnar út
Mannauður						
Rekstur skólans	Öryggi og aðbúnaður á vinnustað	Ljúka við öryggisáætlun og hefja umbætur	Öryggisnefnd	September-júní	Birt umbótaáætlun	Öryggisáætlun gefin út og kynnt, umbótaáætlun birt
	Skjalavistun	Stofna hóp um skjalavistun, gera skjalavistunaráætlun	Leikskólastjórnar	September-júní	Skjalavistunaráætlun birt	Skjalavistun kynnt starfsfólki og orðin virk
Lærdómssamfélag	Auka tíma í faglega umræðu	Fagfundir 2x á ári fyrir alla hópa	Leikskólastjórar	Október og apríl	Fundargerðir ritaðar	Að allir hópar hafi fengið fagfundi yfir árið
	Auka skráningar í daglegu starfi	Fræðsla fyrir starfsfólk	Leikskólastjórar	Október	Fjöldi skráninga	Að starfsfólk skili amk 2 skráningum yfir árið
Samstarfsaðilar leikskólans						
Fjölskyldan	Auka þekkingu foreldra á fagstarfinu	Fræða foreldra um Lausnahringinn, mat á námi	Stjórnendateymi	September-júní	Foreldrakönnun	Yfir 70% þekki LH og mat á námi og velferð barna
	Styrkja ráðgjafahlutverk leikskólans	Halda foreldranámskeið um tengsl í gegnum leik	Leikskólastjórar	September-júní	Námskeið hafi farið af stað	Námskeiði lokið
	Auka faglega ásýnd leikskólans	Kynna námskeið og umbótastarf starfsfólks	Leikskólastjórar	September-júní	Foreldrakönnun	Yfir 90% foreldra telji faglega unnið í skólanum
Grenndarsamfélag	Auka fjölbreytni í grenndarsamstarfi	Kanna möguleika hjá leik- og grunnskólum, dagforeldrum	Deildarstjórar	September-júní	Nýtt grenndarsamstarf fari af stað	Nýtt grenndarsamstarf fari af stað

INNRA MAT UNGAGARÐS – DEILD FYRIR BÖRN 2-3 ÁRA

Umbótaverkefni liðins starfsárs Umbótaverkefni liðins starfsárs snéru að umbótum á skipulagi tónlistarstunda og innleiðingu á ærslastundum. Eins var fyrirhugað að bæta sjónrænt skipulag á deildinni og styðja börnin í vali á leikefni. Stefnt var að því að vinna kennsluáætlanir fyrir tónlistarstundirnar á markvissari og fjölbreyttari hátt og að nýta námsgögn og efnisveitur betur. Það má segja að þetta hafi gengið nokkuð vel eftir, tónlistarstund fór fram vikulega, kennsluáætlun lá fyrir nánast í hvert skipti og skilaði það sér í fjölbreyttari stundum en áður. Í vetur prófuðum við að leyfa börnunum að velja með lýðræðislegri kosningu hvaða dag vikunnar þau vildu hafa stundina svo áhugi þeirra og eftirspurn var höfð að leiðarljósi enda var tilhlökkun þeirra augljós. Vel gekk að innleiða ærslastundir á deildinni og fóru þær fram vikulega. Þar fengu börnin að hoppa, dansa og hnoðast saman á dýnum og púðum og tónlist spiluð þar inni þegar þau óskuðu eftir því. Leikurinn í ærslastundum hefur ýtt undir aukin samskipti milli barnanna, ekki síst hjá þeim sem höfðu framan af takmarkaðan orðaforða til að tjá sig. Það var áhugavert að fylgjast með því hvernig samleikurinn í þessum stundum þróaðist yfir veturinn og varð fjölbreyttari og skemmtilegri með tímanum. Sjónrænt skipulag var innleitt, það fest á vegg í augnhæð barnanna og reglulega rætt um hvað væri næst á dagskrá. Leikefni var vandlega flokkað í merktar körfur. Börnin sýndu dagskipulaginu áhuga og gekk þeim vel að nýta sér merktu körfurnar. Gerð var tilraun til að hengja upp myndir af útífatnaði í fataherbergi til að leiðbeina börnunum hvaða fatnaður hentaði veðrinu þann daginn en það gekk illa að halda því við. Síðbreytileg veðráttá kallaði á nákvæma eftirfylgni og gekk starfsfólki deildarinnar erfiðlega að gæta þess að viðeigandi myndir færu upp á vegginn.

Umbótaverkefni komandi starfsárs snúa að innleiðingu á Lausnahríngnum og kynningu á forvarnarverkefni gegn einelti á vegum Barnaheilla sem kallast Vinátta. Bangsinn Blær er táknmynd vináttunnar í verkefninu en þar er lögð áhersla á að kenna börnunum að vera góður félagi og sýna vináttu, umhyggju, virðingu og hugrekki. Verkefnið þjálfar félagsfærni og samskipti og stuðlar að góðum skólabrag.

Umbótaþáttur	Umbótatækifæri	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tími	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Velliðan og öryggi	Efla börnin í að leysa ágreining án inngrips starfsfólks	Fjalla um hvern þátt Lausnahringsins yfir hálf mánaðar tímabil og nýta hálsbandið í samskiptum	Deildarstjóri	Sept -maí	Sjálfsmat starfsfólks, skráningar á innleiðingu og notkun efnis og hálsbands	Skráningar sýni merki um að börnin hafi leiti lausna sjálf í samskiptum við hvert annað
Vinátta og tengsl	Styrkja vináttufærni	Nýta Blæ, finna reglulega tíma fyrir um-ræður um efnið, nýta vináttusöngva	Deildarstjóri	Sept -maí	Sjálfsmat starfsfólks, skráningar	Að börnin séu farin að þekkja hugtök og söngva um vináttuna
Sjálfstæði	Auka einbeitingu og ábyrgð barna í upphafi dags	Val inni á deild á morgnana, sem standi í tiltekinn tíma	Deildarstjóri	Sept -maí	Sjálfsmat starfsfólks	Að val hafi staðið til boða innan deildarinnar a.m.k. vikulega

INNRA MAT GRÍSAGARÐS – DEILD FYRIR BÖRN 3-4 ÁRA

Umbótaverkefni liðins starfsárs Umbótaverkefni liðins starfsárs sneru að því að bæta aðgengi barnanna að leikefni og auka fjölbreytni í kristilegri fræðslu. Stefnt var að því að bæta aðgengi barnanna að leikefni með því að kaupa betri hirslur og kassa fyrir leikefnið. Einnig var stefnt að því að merkja hirslur og kassa til þess að auka skipulag og auðvelda aðgengi og frágang. Það voru ekki keyptar nýjar hirslur á þessum starfsvetri en undir lok vetrar voru kassar undir leikefni og aðrar hillur merktar. Var starfsfólk sammála um að merkingarnar gerðu mikið gagn og auðveldaði aðgengi barnanna að leikefninu, sem og gekk frágangur almennt betur. Áfram verður unnið með frekara skipulag hvað varðar leikefni næsta vetur. Skráningar varðandi kristilega fræðslu gengu ekki eftir.

Umbótaverkefni komandi starfsárs verður annars vegar að efla vináttufærni, samskipti og félagsfærni og hins vegar að leggja áherslu á að börnin njóti frelsis í skapandi verkefnum. Mun deildin nýta sér og innleiða Vináttuverkefni Barnaheilla, Lausnaringinn og önnur félagsfærni verkefni í daglegu starfi. Lögð verður áhersla á skapandi umhverfi þar sem börnin nýta efniviðinn eins og þau sjálf kjósa og áherslan verður lögð á sjálft ferlið, ekki endilega lokaútkomuna. Mun starfsmannahópurinn leggja sig fram við að draga úr stýrðu föndri og verkefnum, markmiðið er að efla börnin í skapandi hugsun og tryggja að þau hafi áhrif á leikskóladaginn.

Umbótapáttur	Umbótatækifæri	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímabil	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Vináttu og tengsl	Styrkja vináttufærni, samskipti og félagsfærni.	Nýta Blæ og Lausnaringinn. Vinna með vináttusöngva og sögur sem tengjast efninu. Önnur félagsfærni verkefni.	Deildarstjóri	Sept. til maí	Skráningar og sjálfsmat starfsfólks. Rýnihópar barna	Að börnin styrkist í samskiptum og lausnaleit. Að þau geti nefnt dæmi um vináttu og samskiptafærni í rýnihópum.
Sköpun og menning	Aukin áhersla á ferlið í skapandi verkefnum.	Fjölbreyttur efniviður og aukið frelsi í skapandi verkefnum.	Deildarstjóri	Sept. Til maí	Skráningar á ferlinu, myndir, samtöl við börnin og sjálfsmat starfsfólks.	Afurðir vetrarins hafi tekið breytingum miðað við fyrri starfsár á deildinni.

INNRA MAT KÓPAGARÐS – DEILD FYRIR BÖRN 3-4 ÁRA

Umbótaverkefni liðins starfsárs Umbótaverkefni liðins starfsárs var að bæta aðgengi barnanna að leikefninu þ.e.a.s að hafa betri hirslur fyrir börnin þar sem þau geti auðveldlega sótt sér efnivið, merkja betur leikefnið og hafa það sýnilegra. Einnig vildum við bæta við leikefni sem við gerðum í hlutverkakrók en við vildum einnig bæta við efnivið einsog í segulkubbum, dýrum og skoða nýtt leikefni. Keypt voru ný púsl sem börnin voru mjög ánægð með. Fengum lánað leikefni frá Uglugarði sem varð mjög vinsælt og gerði leikinn fjölbreyttari. Þrátt fyrir að ekki náðist að bæta aðgengi barnanna að leikefninu og kaupa hirslur og merkja dótið þá blómstraði frjálsi leikurinn og hugmyndir barnanna fengu að njóta sín.

Umbótaverkefni komandi starfsárs eru þrjú sem snúa að sjálfsprotnum leik og sjálfstæði, heilbrigði og vellíðan og sköpun/menningu og læsi. Við munum hafa sama umbótaþátt og í fyrra varðandi aðgengi barnanna að leikefninu, með betri hirslum og merkingum sem auðveldar börnunum að sjá leikefnið, sjá um frágang og mun um leið auðga leikinn. Annað umbótatækifæri er að auka við hreyfistundir inni til að þjálfra hreyfifærnina og brjóta upp daglega starfið inni. Þá er líka hægt að fylgjast betur með hreyfifærni hvers einstaklings. Í þriðja lagi er stefnt að því að hafa meiri og fjölbreyttari úrvinnslu úr sögustundum og að sköpunarhæfileikar barnanna fái að njóta sín. Auka innlifun og upplifun barnanna að vinna úr sögum sem lesnar eru. Bækur eru leið inn í töfraheim ímyndunaraflsins.

Umbótaþáttur	Umbótatækifæri	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tími	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Sjálfsprottinn leikur, sjálfstæði	Börnin hafi betri yfirsýn yfir efnivið deildarinnar	Endurnýja og merkja efnivið og að aðgengi að leik-efninu verði góður	Deildarstjóri og stjórnendur	Allt árið	Taka myndir af hirslum fyrir og eftir. Skráningar á leik.	Að breytingarnir geri börnin meðvitaðri um leikefnið sem er í boði. Auðgi leikinn og auðveldi frágang
Heilbrigði og vellíðan	Hreyfistundir inni á deildinni	Þjóa upp á hreyfistundir vikulega	Kennarar	Allt árið	Rýnihópur barna	Hreyfiþörf barnanna sé mætt inn á deildinni og það sé gott og gaman að hreyfa sig. Einnig þjálfra hreyfiþroskann.
Sköpun og menning/læsi	Vinna betur úr þeim bókum sem við lesum fyrir börnin	Að sköpun barnanna fái að njóta sín við úrvinnslu bókanna sem lesnar eru.	Kennarar	Allt árið	Sýning á fjölbreyttum verkefnum eftir sögulestur.	Börn upplifi skemmtilega sköpun og fjölbreytta hugmyndavinnu við lestur bóka

INNRA MAT UGLUGARÐS – DEILD FYRIR BÖRN 4-5 ÁRA

Umbótaáætlun liðins starfsárs var að bæta aðgengi barnanna að leikefninu s.s. fá glæra plastkassa fyrir leikefnið og merkja þá. Ekki náðist að framkvæma þennan umbótaþátt vegna skorts á fjármagni. Annar liður var að bjóða upp á búningakassa fyrir börnin. Það náðist að hluta en börnin komu í búning í leikskólann á Öskudaginn sem var ekki áður. Í þriðja lagi var áætlað að bjóða reglulega upp á leikfimi og slökun og gekk sá umbótaþáttur vel. Boðið var upp á íþróttir 1x í viku. Unnið var meðal annars með samhæfingu augna og handa. Einnig var boðið upp á teygjur og slökun 1x í viku. Þessir tímar voru mjög vinsælir þó fannst okkur vanta betra pláss fyrir teygjutímana.

Umbótaverkefni komandi starfsárs snúast um sjálfssprottna leikinn, lærdómssamfélagið og sköpun og menningu. Við ætlum að endurtaka umbótaþættina sem ekki náðust á liðnu skólaári sem eru betri yfirsýn yfir efnivið deildarinnar til að auðga leik barnanna. Einnig ætlum við að bjóða upp á búningakassa í vetur. Nýr umbótaþáttur verður að auka skilning barnanna á markmiðum verkefna sem þau fást við. Þetta verður mjög spennandi og gaman að vinna að því að gera börnin betur meðvituð um það sem þau eru að læra.

Umbótaþáttur	Umbótatækifæri	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímabil	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Sjálfsprottinn leikur, sjálfstæði	Börnin hafi betri yfirsýn yfir efnivið deildarinnar	Endurnýja og merkja kassa fyrir efnivið	Deildarstjóri	Haustönn	Taka myndir af hirslum fyrir og eftir. Skráning á leik.	Að breytingarnir geri börnin meðvitaðri um leikefni sem er í boði. Stuðla að fjölbreyttara vali.
Sköpun og menning	Auka skilning barna á markmiðum verkefna	Auka samtal við börnin í ferlinu	Kennarar	Allt árið	Rýnihópur barna	Börnin þekki þemavinnu og föst verkefni. Finna fræðsluefni hvernig hægt er að tala við börnin um þetta.
Sköpun og menning	Bjóða upp á búninga í hlutverkaleik mánaðarlega.	Hafa búningakassa þar sem börnin geta valið sér búninga.	Kennarar	Allt árið	Rýnihópur barna	Börn upplifi skemmtilega tilbreytingu í hlutverkaleiknum

Mat á sérkennslu 2024-2025

Á liðnu starfsári fengu tvö börn stuðning í 1.flokki. Alls fengu 17 börn íhlutun og þar af 11 eftirfylgd og/eða ráðgjöf frá Norðurmiðstöð. Sérkennslustjóri hélt utan um litla málörvunarhópa þar sem unnið var með hlustun, framburð, hljóðgreiningu, orðaforða og skilning. Stuðningur var ráðinn fyrir tvö börn inni á deildum í vetur. Sérkennslustjóri hélt utan um skýrslugerðir vegna skólaskila og boðaði til skilafunda með grunnskólum og frístundaheimilum til að mikilvægar upplýsingar kæmust á milli skólastiga. Sérkennslustjóri hefur gert einstaklingsáætlanir út frá AEPS-listum og setið teymisfundi. Lausnateymi skipað öllum deildarstjórum, sérkennslustjóra og sérfræðingum á Norðurmiðstöð hittist 5 sinnum í vetur. Innleiddir voru nýir verkferlar vegna lausnateymisfunda og lokið var við gerð læsisáætlunar og hún gefin út í nóv.2024. Sérfræðingar komu í áhorf og með ráðgjöf vegna nokkurra barna með hegðunar- og félagsfærnivanda.

Skipulagning sérkennslu 2024-2025 Sérkennslustjóri sá um að leggja Efi-2 fyrir öll börn á fjórða aldursári og var áfram samstarf við Norðurmiðstöð um meiri samvinnu og eftirfylgni varðandi Efi- 2 og Hljóm-2. Talmeinafræðingur fundaði með sérkennslustjóra og deildarstjóra á elstu deild til að meta stöðuna og ráðleggja um vinnu með þeim börnum sem komu slök út úr skimuninum. Við skráningar var notaður AEPS-listinn, orðaforðalisti MMS hafður til hliðsjónar og Orðaskil. Einnig var unnið á deildum með félagsfærni og hegðun hjá nokkrum börnum.

Hvaða matsgögn voru notuð? TRAS er lagt fyrir öll börn á leikskólanum, EFI-2 fyrir öll börn á fjórða aldursári og Hljóm-2 fyrir þau elstu. *Orðaskil* og *AEPS-listinn* og einstaklingsáætlun unnin út frá því.

Hvaða námsefni var notað? Dæmi um námsefni sem notað var : *Lubbi finnur málbein*, efni úr *Lærum og leikum með hljóðin*, *Tölum saman*, *Ljáðu mér eyra*, efnið *Orðaleikur*, *orðanám í leikskóla*, *Orðagull*, ýmis spil, bækur og heimagert efni. Árlega eru bækur og spil keypt til málörvunar. Bókin *Orð eru ævintýri* hefur einnig nýst vel ásamt mynda- og orðaspiöldum sem leikskólinn fékk gefins. Allt starfsfólk fékk kynningu frá MMS um það efni.

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2024-2025

Tólf börn voru fjöltyngd eða með annað móðurmál en íslensku og fengu fjögur þeirra sérstaka málörvun með áherslu á aukinn orðaforða, skilning og tjáningu. Kennslan fór fram í litlum hópum á deildum og/eða í einstaklingsvinnu. Við skráningu var orðaforðalisti MMS hafður til hliðsjónar og skráningarblöð sem tilheyra *Tölum saman* auk *Hæfniramma*. Túlkajónusta er ávallt í boði fyrir foreldra sem geta ekki tjáð sig á íslensku og leikskólinn útvegar viðeigandi námsgögn fyrir þennan hóp barna. Hæfnirammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla eru notaðir fyrir börn sem hafa enga íslensku heima til að halda betur utan um þau og fylgjast með framförum þeirra í íslensku. Sérkennslustjóri er tengiliður fjölmenningar í skólanum og tengiliður farsældar og hefur setið fundi og námskeið tengd því.

Sem dæmi um daglega vinnu með orðaforða er starfsfólk hvatt til að leggja orð á athafnir og tala sérstaklega við barnið daglega (Gefðu 10 reglan). Málörvun er í gegnum *Lubbi finnur málbein* sem notað er á fjölbreyttan hátt á öllum deildum og alltaf byggt ofan á eftir aldri barna. Bókin Orð eru ævintýri hefur reynst vel og foreldrum með annað móðurmál en íslensku er bent á tungumálavef tengdan bókinni. **Lesið er sérstaklega með barni sem er fjöltyngt** eins og tók eru á og orðaforði þannig dýpkaður. Einnig eru hljómfall, leikræn tjáning og myndir notaðar. Málörvunarhópar eru stöðugt í gangi þar sem unnið er sérstaklega með orðaforða, skilning, hlustun og tjáningu. **Til að meta framfarir barnanna** er stuðst við *orðaskil* og *orðaforða* Menntamálastofnunar, *TRAS*, *Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla* og *Einn leikskóli, mörg tungumál*. **Aðaláherslan hefur verið á aukinn orðaforða, skilning og tjáningu** en reynt er að huga að öllum þáttum máls. Börnin eru hvött til þátttöku í samverustundum og leik með hinum börnunum og studd til þess.

UMBÓTAAÆTLUN SÉRKENNSLU OG FJÖLTYNGDRA BARNA 2025-2026

Umbótaþáttur	Umbótatækifæri	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tími	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Læsi og samskipti	Gera læsisteymið virkt í samræmi við læsisáætlun	Teymi nýti skipulagsdag að hausti og geri áherslur og hugmyndir fyrir skólann fyrir starfsárið.	Sérkennslu -stjóri	Sept .25	Könnun til starfsfólks og gátlistar	Unnið sé eftir læsisáætlun og starfsfólk þekki áætlun og verkefni tengd henni.
Stuðningur við þroska	Stofna sérkennsluteymi	Teymið komi reglulega saman.	Sérkennslu -stjóri	Sept -maí	Fundargerðir teymis, könnun	Fundargerðir sýni virkni, starfsfólk upplifi að stuðningur vegna barna sé faglegur.

STARFSÞRÓUNARSAMTÖL OG FRÆÐSLA

Fræðsla liðins starfsárs var fjölbreytt og var símenntunaráætlun skólans uppfyllt að mestu leyti. Áhersla var á vinnuumhverfi og var stofnuð öryggisnefnd, EKKO stefna og viðverustefna gefnar út og kynntar. Kynning var á ADHD og kvíða hjá börnum, rætt um starfsaðferðir skólans eins og þær birtast í skólanámskrá, handbók um snemmtæka íhlutun kynnt, skyndihjálparnámskeið haldið, rætt um faglega elsku, samskipti á vinnustað, námssvið leikskólans og fullgildi.

Símenntunaráætlun var unnin samhliða starfsþróunarsamtölum í apríl. Næsta vetur verður fræðsla um uppeldisfræðilegar skráningar, ferli skapandi verkefna hjá börnum, lærdómssamfélagið, hugmyndafræði leikskólans, tekist á við krefjandi hegðun, málörvun og tvítyngd börn.

Fjórir starfsmenn eru skráðir í fagnám næsta vetur; leikskólakennaranám, grunnskólakennaranám og viðbótarnám í stjórnun menntastofnana. Einnig mun einn starfsmaður fara í leikskólabró hjá Mími.

SAMSTARF LEIKSKÓLA, GRUNNSKÓLA OG FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVA

Leikskólinn tekur þátt í samstarfsverkefninu Farsæl skil leik- og grunnskóla ásamt Langholtsskóla, Brákarborg, Langholti og Sunnuási. Markmið samstarfs milli leikskóla og grunnskóla er að stuðla að jákvæðri upplifun barnanna af flutningnum milli skólastiganna. Eitt af markmiðum samstarfsins er að börnin í hverfinu fái að kynnst áður en grunnskólagangan hefst og einnig að þau fái að kynnst Langholtsskóla. Samstarf við leikskóla og grunnskóla hverfisins er sett niður á fundi í ágúst þar sem deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar grunnskólans tímasetja viðburði. Fastir liðir eru að elstu nemendur leikskólanna og nemendur í fyrsta bekk hittast á degi íslenskrar tungu í Langholtsskóla og syngja saman og fyrir hvert annað. Sami hópur hittist í desember til að leika sér á leiksvæði í Laugardal og fær sér kakó og piparkökur. Á vordögum fara þau börn sem fara í Langholtsskóla í haust í heimsókn í 1. bekk. Þar fá þau að kynnst skólastofunni og vinna ýmis verkefni. Einnig er venjan að leikskólarnir í hverfinu og Langholtsskóla hittist á leikjalegi á vordögum. Einnig er alltaf leitast við að kynna frístundaheimilið í hverfinu.

FORELDRASAMVINNA

Í Vinagarði er starfandi stjórn leikskólans sem einnig ber ábyrgð á rekstri skólans. Í mars er kosið í stjórnina á aðalfundi. Í henni sitja fimm einstaklingar þar sem stjórn KFUM og KFUK skipar einn fulltrúa og foreldrafélag leikskólans annan. Aðrir stjórnarmenn eru félagar í KFUM og KFUK. Stjórnarmenn eru yfirleitt alltaf einnig foreldrar í leikskólanum. Stjórnin hittist mánaðarlega á fundi þar sem farið er yfir starfið í leikskólanum, rekstur og ýmis verkefni. Stjórn leikskólans er jafngild foreldraráði samkvæmt lögum um leikskóla.

Foreldrafundir eru haldnir að hausti þar sem farið er yfir vetrarstarfið og önnur mál rædd. Á vorin er nýjum foreldrum boðið til kynningarfundar, oftast í byrjun júní. Þá er stefna skólans og ýmis hagnýt atriði kynnt, starfsfólk deilda kynnt og fyrirkomulag á aðlögun. Foreldrar fá einnig að ganga um skólann og spyrja spurninga.

Foreldrasamtöl eru árlega í febrúar og mars. Þar er farið yfir nám og þroska barnsins, líðan og aðra hluti sem deildarstjóri/kennari telur mikilvægt að ræða auk þess sem foreldrar koma með sín málefni. Ef þroskamat eða skimun hefur farið fram er einnig farið yfir þær niðurstöður og hvernig unnið skal með þær.

Foreldrafélag er starfandi og eru allir foreldrar eru sjálfkrafa í foreldrafélaginu. Félagið skipuleggur ýmsa viðburði eins og haustferð í Vatnaskóg, jólasveinaheimsóknir, jólaball og vorhátíð. Einnig gefur foreldrafélagið öllum börnum jólagjöf.

SKIPULAGSDAGAR OG LEIKSKÓLADAGATAL 2025-2026

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F		1 M		1 M		1 L		1 M	Fúlveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 S		1 S		1 M		1 F	Verkalýðsdagurinn	1 M		1 M	
2 L		2 Þ		2 F		2 S		2 Þ		2 F	Skipulagsdagur	2 M		2 M		2 F	Skírdagur	2 L		2 Þ		2 F	
3 S		3 M		3 F		3 M		3 M		3 L		3 Þ		3 Þ		3 F	Föstudagurinn langi	3 S		3 M		3 F	
4 M	Friðagur verslunamanna	4 F		4 L		4 Þ		4 F	Fréttastund, leikskólinn lokar kl. 12.	4 S		4 M		4 M		4 L		4 M		4 F		4 L	
5 Þ	Leikskóli opnar kl. 13	5 F	Skipulagsdagur	5 S		5 M		5 F		5 M		5 F		5 F		5 S	Þáskadagur	5 Þ		5 F		5 S	
6 M		6 L		6 M		6 F		6 L		6 Þ	Fréttastund	6 F	Dagur leikskólans	6 F		6 M	Annar í Þáskum	6 M		6 L		6 M	Sumarlokun til 4. ágúð
7 F		7 S		7 Þ		7 F		7 S		7 M		7 L	Dagur tónlistarskólans	7 L		7 Þ		7 F		7 S	Stórmannadagurinn	7 Þ	
8 F		8 M	Dagur lánis	8 M		8 L	Baráttudagur gegn einelti	8 M		8 F		8 S		8 S		8 M		8 F		8 M		8 M	
9 L		9 Þ		9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 M		9 M		9 F		9 L	Oplóð hús - Vorhátíð	9 Þ		9 F	
10 S		10 M		10 F		10 M		10 M		10 L		10 Þ		10 Þ		10 F		10 S		10 M		10 F	
11 M		11 F		11 L	Fréttastund, leikskólinn lokar kl. 12.	11 Þ		11 F	Adventstundir fyrir foreldra	11 S		11 M	Dagur íslensku ákennsmáttins	11 M		11 L		11 M		11 F		11 L	
12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 F		12 M		12 F		12 F		12 S		12 Þ		12 F		12 S	
13 M		13 L		13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F		13 F		13 M		13 M		13 L		13 M	
14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 S		14 M		14 L	Dagur starðfæðinnar	14 Þ		14 F	Uppsýningardagur	14 S		14 Þ		14 Þ	
15 F		15 M		15 M		15 L		15 M		15 F		15 S		15 S		15 M		15 F		15 M		15 M	
16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar náttúru	16 F		16 S	Dagur íslenskrar tungu	16 Þ		16 F		16 M	Bolludagur	16 M		16 F		16 L		16 Þ	Þjóðhátíð Vinagarrís	16 F	
17 S		17 M		17 F		17 M	AFMELTI LEIKSKÓLANS	17 M		17 L		17 Þ	Sprengidagur	17 Þ		17 F		17 S		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 F	
18 M		18 F		18 L		18 Þ		18 F		18 S		18 M	Óskudagur	18 M		18 L		18 M		18 F		18 L	
19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 F	Rauður jóladagur	19 M		19 F	Skipulagsdagur	19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S	
20 M		20 L		20 M		20 F	Dagur mannréttinda barna	20 L		20 Þ		20 F	Skipulagsdagur	20 F		20 M		20 M		20 L		20 M	
21 F		21 S		21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 L		21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ	
22 F		22 M		22 M		22 L		22 M		22 F		22 S	Bóndadagur - upphaf þorra	22 S		22 M		22 F		22 M		22 M	
23 L		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ	Þorláksmessa	23 F	Þorra	23 M		23 M		23 F	Sumardagurinn fyrsti	23 L		23 Þ		23 F	
24 S		24 M		24 F		24 M		24 M	Aðfangadagur jóla	24 L		24 Þ		24 Þ		24 F	Skipulagsdagur	24 S	Hvítasunnudagur	24 M		24 F	
25 M		25 F		25 L	Fyrsti vetrardagur	25 Þ		25 F	Jóladagur	25 S		25 M		25 M		25 L		25 M	Annar í Hvítasunnu	25 F		25 L	
26 Þ		26 F		26 S		26 M		26 F	Annar í jólum	26 M		26 F		26 F		26 S		26 Þ		26 F		26 S	
27 M		27 L	Alþjóttíð þingsdagurinn	27 F		27 M		27 L		27 Þ		27 F		27 F	Gulur dagur	27 M		27 M		27 L		27 M	
28 F		28 S		28 Þ		28 F		28 S		28 M		28 L		28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ	
29 F		29 M		29 M		29 L		29 M	Skipulagsdagur	29 F				29 S	Þámasunnudagur	29 M		29 F		29 M		29 M	
30 L		30 Þ		30 F		30 S	Jólaball Vinagarrís	30 Þ	Skipulagsdagur	30 F				30 M		30 F		30 L		30 Þ		30 F	
31 S				31 F				31 M	Gamlársdagur	31 L				31 Þ				31 S				31 F	

Stjórn leikskólans gegnir hlutverki foreldraráðs. Stjórnin fundar mánaðarlega um málefni leikskólans. Stjórnina skipa:

Bára Sigurjónsdóttir, formaður
Berglind Ósk Einarsdóttir, gjaldkeri
Björg Brynjarsdóttir
Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
Hilmar Einarsson, ritari
Hrund Ólafsdóttir
Jóhanna Klara Stefánsdóttir

Umsögn stjórnar:

Velferð barna er höfð að leiðarljósi í Vinagarði. Boðið er upp á kraftmikið starf þar sem kærleikur, vinátta og trú er í hávegum höfð. Börnin læra um von og virðingu, hvernig þau sjálf geta haft jákvæð áhrif á umhverfi sitt.

Starfið er metnaðarfullt hjá leikskólanum Vinagarði og er það drifið áfram af einstökum starfshópi, sem státar af stórum hópi kennara. Þetta starf skilar sér í flottum og glöðum barnahópi ár hvert, og það erum við í stjórn mjög stolt af að geta sagt.

Leikskólastjórar vinna ávallt með hag barnanna í fyrirrúmi. Skapa faglegt og hvetjandi umhverfi þar sem markvisst er unnið að stefnu fyrir starfsfólkið og leikskólann sjálfan.

Á síðasta starfsári fór fram mat fyrir leikskólann í heild og síðan innan hvernar deildar fyrir sig. Markmiðið með matinu eru umbótatækifæri, horft var meðal annars til aðbúnaðar, sjálfstæðis, læsi, líðan o.fl. Til að fá raunhæft innra mat var matsteymi skipað af fulltrúum deildanna og, mikilvægast af öllu, rýnihópum skipuðum af börnunum sjálfum. Með svona faglegu og vel útfærðu mati er hægt að segja að starfsáætlun Vinagarðs 2025-26 er raunhæf, árangursmiðuð og vel ígrunduð.

Starfsáætlun Vinagarðs er innan ramma skólanámskrár leikskólans og helst í hendur við menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030.